

051
saf

Fréttabréf safnmanna

7.árg. 3.tbl. 1998



EFNISYFIRLIT

Til þátttakenda í Farskóla Félags íslenskra safnmanna 1998
Tillögur að breytingum á lögum Félags íslenskra safnmanna
Aðalfundur Félags íslenskra safnmanna - fundarboð
Nýjar útgáfur

Ritstjóri: Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Borgartúni 1, 105
Reykjavík.

FARSKÓLI
FÉLAGS ÍSLENSKRA SAFNMANNNA
Á SUÐURLANDI OG Í VESTMANNAEYJUM
2. - 5. SEPTEMBER 1998

Farskólanefnd þakkar mikinn áhuga á Farskólanum í haust en þátttakendur verða milli sextíu og sjötiu talsins.

Svo sem fram kom í dagskrárdögum sem send voru út í júní þá verður lagt af stað frá Þjóðminjasafni Íslands miðvikudaginn 2. september kl. 14.00. Nákvæmari dagskrá verður afhent þá en einungis er eftir að reka á hana smíðshöggð.

Við viljum nota þetta tækifæri til þess að nefna eftirtalin atriði. Þátttökugjald kr. 4.500 á mann verður innheimt við skráningu í Vestmannaeyjum á fimmtudeginum en hver og einn verður að annast greiðslu fyrir sig vegna gistingar, kvöldverðar og morgunverðar á Leirubakka og í Vestmannaeyjum fyrir gistingu og morgunmat.

Það hafa kunnugir bent á að æskilegt sé fyrir þá sem ekki eru því sjóaðri að tryggja sér kojupláss í Herjólfí. Það er gert þegar komið er um borð í Herjólf og kostar plássið kr. 325 á mann. Tveggja manna klefi kostar kr. 1.500. Þetta verður hver og einn að sjá um fyrir sig.

Að lokum skal það tekið fram að gestgjafi okkar í Eyjum, Jóhann Friðfinnsson, hefur búið svo um hnútana að máltíðir og öll aðstaða á fundarstað og skoðunarferðir þar eru þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu.

Farskólanefnd

Lög Félags íslenskra safnmanna

Breytingatillögur

1. gr. Óbreytt.

2. gr. Aftan við greinina eins og hún er nú komi ný málsgrein:

Þeir sem hafa verið félagar í 5 ár sbr. 1. málsgrein eiga rétt á áframhaldandi aðild meðan þeir óska og aðildin er samfelld.

3. gr. Óbreytt.

4. gr. Óbreytt.

5. gr. Verði svo:

Aðalfundarstörf eru:

A. Kosning fundarstjóra og fundarritara

B. Skýrsla formanns um störf félagsins. Skýrðir reikningar félagsins. Umræður um þessa liði og afgreiðsla þeirra.

C. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður. Kosning skal vera skrifleg ef þess er óskað.

1. Kosning formanns til eins árs.

2. Kosning ritara eða gjaldkera til tveggja ára. Ritara annað árið en gjaldkera hitt árið.

3. Kosning varamanna til tveggja ára. Eins varamanns annað árið og annars varamanns hitt árið.

4. Kosning skoðunarmanna reikninga. Eins skoðunarmanns annað árið og annars skoðunarmanns hitt árið.

5. Kosning fulltrúa félagsins í þjóðminjaráð samkvæmt þjóðminjalögum. Þeir einir hafa þar kosningarétt sem starfa á minjasöfnum.

6. Kosning farskólastjóra til eins árs.

D. Ákveða árgjald félagsmanna.

E. Önmur mál.

6. gr. Núverandi 7. gr. óbreytt nema í stað orðanna "ef fimm eða fleiri..." komi: *ef tíu eða fleiri...*

7. gr. *Gjaldkeri annast innheimtu félagsgjalda eftir félagaskrá sem ritari heldur.* Niðurlag núverandi 8. greinar óbreytt.

8. gr. Núverandi 9. gr. óbreytt, en við hana bætist: *Tillaga til lagabreytingar telst samþykkt ef hún hlýtur tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.*

Reykjavík 13. ágúst 1998.

Örn Erlendsson.

Aðalfundur Félags íslenskra safnmanna

- FUNDARBOÐ -

2. september 1998
að Leirubakka í Landssveit

Fundurinn hefst kl. 20.30

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur að breytingum á lögum FÍS
3. Önnur mál

Stjórnin

Nýjar útgáfur

LJÓSMYNDASÖFN Á ÍSLANDI - YFIRLITSSKRÁ

Út er komið ritið LJÓSMYNDASÖFN Á ÍSLANDI - YFIRLITSSKRÁ í samantekt Guðbrands Benediktssonar sagnfræðings. Útgefendur eru Ljósmyndasafn Reykjavíkur og myndadeild Þjóðminjasafns Íslands, en fjölmargir aðilar styrktu þá rannsókn sem skráin byggir á. Í skránni er að finna upplýsingar um ljósmyndasöfn hér á landi, bæði opinber söfn, einkasöfn og söfn einstakra ljósmyndara. Skráin bætir úr brýnni þörf, en hingað til hetúr engin slík samantekt verið gerð og því kærkomin fyrir alla þá sem þurfa á ljósmyndum að halda. Skráin er ætluð breiðum hópi notenda: söfnum, framkóðllunarfyrirtækjum, auglýsingastofum, ljósmyndurum, blaða-, bóka- og tímaútautgefendum og síðast en ekki síst almenningi og fræðimönnum. Skráin er 47 blaðsíður og kostar kr. 1000. Skráin fæst á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands.

Tekið verður við pöntunum á skránni á Farskólanum en sýniseintak verður þar í umferð. Setjið ykkur í samband við Guðbrand Benediktsson eða Ingu Láru Baldvinsdóttur.

GRUNNATRIÐI SAFNASTARFS

Eins og tryggum lesendum Fréttabréfsins er kunnugt um þá hefur Helgi M. Sigurðsson, safnvörður á Árbæjarsafni, þýtt fyrrihluta bókarinnar *Museum Basic*. Hefur bókin hlotið heitið *Grunnatríði safnastarfs* og innihaldi hennar verið lýst í fyrri Fréttabréfum. Nú er bókin komin út og kostar kr. 2.800. Bókin verður til sýnis og sölu á Farskólanum.

SJÁUMST Á FARSKÓLANUM!